

EFTIRLITSSKÝRSLA

Borgarbyggð Bjarnhólar



Dags eftirlits	24.8.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Borgarbyggð	Eftirlitsmaður	
Heimili	Borgarbraut 14	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5106942289	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrafnhildur Tryggvadóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	360101,859 451983,822

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Borgarbyggðar. Engin frávik komu fram og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Borgarbyggðar við Bjarnhóla og var umfang eftirlitsins eftirfarandi

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Móttaka og skráning úrgangs (gr. 3.1)
3. Verkstjórn og takmörkun aðgangs (gr. 2.3)
4. Skráningar og mælingar (gr. 4.1 og 4.2)
5. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
6. Önnur mál

Farið var yfir umfang starfseminnar en á urðunarstaðnum er heimilt að urða allt að 80 tonn af óvirkum úrgangi á ári. Árið 2020 voru urðuð 7,2 tonn af óvirkum úrgangi á urðunarstaðnum. Heimilt er að taka á móti viðarúrgangi til kurlunar, hrossataði og garðaúrgangi til jarðgerðar og geyma brotamálm. Rekstraraðili hefur ekki nýtt heimild til geymslu brotamálms eða jarðgerðar. Á urðunarstaðnum er kurlað og ókurlað timbur sem erfiðlega hefur gengið að koma í nýtingu í sveitarfélaginu, fram kom að verið væri að reyna að finna lausnir fyrir þennan úrgang. Aðgangur að urðunarstaðnum er takmarkaður og er hann í umsjón áhaldahús sveitarfélagsins.

Rekstraraðili hefur skilað skráningum og mælingum í samræmi við starfsleyfi urðunarstaðarins.

Farið var yfir áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlits. Urðunarstaðurinn er sem stendur í áhættuflokki C og fær eftirlit annað hvert ár. Áhættumat er endurskoðað samhliða eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.09.2021

Sigríður Magnúsdóttir